



Fréttatilkynning
19 May 2025 12:00:00 GMT

Arion banki hf. - Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 11. apríl 2025 um framkvæmd endurkaupaáætlunar. Í 20. viku 2025 keypti Arion banki eigin hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og sænsk heimildarskírteini (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á hlutum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í umrædd skipti voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð	Hlutir í eigu Arion
12.5.2025	10:45:39	500.000	159,25	79.625.000	27.105.083
		500.000		79.625.000	27.105.083

Endurkaup á heimildarskírteinum á Nasdaq í Stokkhólmi voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keypt SDR	Viðskiptaverð	Kaupverð (SEK)	SDR í eigu Arion
12.5.2025	11:04:19	5,000	11.85	59,250	3,484,553
		5,000		59,250	3,484,553

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 20 samtals 30.084.636 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 20 samtals 30.589.636 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 2,15% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 11.733.176 hluti fyrir 1.828.231.241 kr. og 40.544 heimildarskírteini fyrir 477.481 sænskar krónur.

Heimilt er að kaupa allt að 397.350 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,03% af útgefnum hlutum og allt að 19.470.150 hluti á Íslandi, eða sem svara til 1,37% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 1,4% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærri fjárhæð en sem svara til 60.000.000 kr. í Svíþjóð og 2.940.000.000 kr. á Íslandi (samtals 3,0 milljarðar króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar



framangreindu er náð eða í síðasta lagi 31. desember 2025. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin er framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 1275/2024 um sama efni. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina eru birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur í Svíþjóð og á Íslandi, eins og við á.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki hf. - Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)